

NORÐURORKA

Ársskýrsla 2004

Efnisyfirlit

Rafmagn í 100 ár	2
Inngangur	4
Stjórn og skipurit	5
Skýrsla forstjóra	6
Orkuöflun og -sala, lykilstærðir	
Hitaveita	10
Rafveita	13
Vatnsveita	16
Viðskiptavinir	18
Ársreikningar	19

Í ársskýrslunni er fjöldi ljósmynda af endurgerð Glerárvirkjunar, sem og myndir af virkjuninni frá fyrri tíð. Að öðru leyti er skýrslan myndskreytt með vetrarstemmningum frá Akureyri.

Útgefandi: Norðurorka
Umsjón: Agnar Árnason
Útlit og prentun: Ásprent Stíll
Ljósmyndir: Vignir Hjaltason, ASvS o.fl.

Akureyri, 2005



Upphafið

Í desember 1904 voru 16 hús í Hafnarfirði tengd við litla vatnsaflsvirkjun í Hamrakotslæk þegar vísir að fyrstu rafmagnsveitu landsins tók til starfa.

Rúmum 20 árum fyrr hafði hugvitsmaðurinn Tomas Edison tekið í notkun fyrstu rafveitu í heimi og þá þegar hafði áhugi Íslendinga vaknað.



Rafvæðing Akureyrar

Hugmyndir um upphaf rafveitu á Akureyri eru tengdar einu nafni öðrum fremur. Árið 1894 kom til Reykjavíkur eftir langa útivist Frímenn B. Arngrímsson, norðlenskur að uppruna. Hann reyndi að fá Reykvíkina til að hefja framleiðslu á rafmagni og vann að þessu áhugamáli sínu bæði á Akureyri og víðar um landið.

Þann 9. febrúar 1904 komu fram tillögur um virkjun Glerár og er hún talin verða dýr, svo sem 1.700 kýrverð og vildi bæjarstjórn hugsa sig vel um. Þann 29. nóvember 1904 var lagt fram á bæjarstjórnarfundum erindi frá Bergsteini Björnssyni um raflysingu Akureyrarbæjar og enn tóku bæjarfulltrúar sér umhugsunarfrest.



Glerárvirkjun

Fyrri virkjun Glerár 1921 og 1922

Milli 1910 og 1920 voru miklar umræður á Akureyri meðal almennings og í bæjarstjórn um virkjun til raforkuframleiðslu til ljósa og hitunar í bænum.

Árið 1919 var tímamótaár í sögu Akureyrar; fjölgað var í 11 menn í bæjarstjórn og hún kosin í einu lagi. Athyglisvert er að eftir kosningarnar skipuðu allir helstu áhrifamenn í bæjarstjórn rafveitunefndina og fór nú að draga til tíðinda í rafveitumálum. Öflin sem þó fljótast hrinda rafveitumáli bæjarins áfram eru almennur áhugi, almenn samtök og almenn þátttaka.

Það mun því hafa verið í þökk mikils meirihluta bæjarbúa þegar rafveitunefnd ákvað að hefjast handa og reisa 300 hestafla virkjun í Glerá við Gleráfossinn. Með þessum samþykktum rafveitunefndar, sem síðar voru viðstöðulaust og samhljóða staðfestar í bæjarstjórn, er talið að ákveðið hafi verið að reisa rafstöð handa Akureyringum. Undir fundargerð rafveitunefndar 19. desember 1920 skrifa Jón Sveinsson bæjarstjóri, Sigurður Bjarnason kaupmaður, Erlingur Friðjónsson Kaupfélagsstjóri og Ragnar Ólafsson kaupmaður. Ottó Tuliníus var erlendis.

Þá var að fá verkfræðing til þess að hafa stjórn framkvæmda með höndum og til þess réðst Svinn Olof Sandell, sem brátt gat sér hið besta orð fyrir dugnað og kunnáttu.

Glerárstífla var síðan byggð árið 1921 og virkjunin árið 1922. Þann 1. september var Knut Ottersted ráðinn rafveitustjóri og laugardaginn 30. september 1922 var rafstöðin opnuð og straumi hleypt á Akureyri. Virkjunin var aflögð og gefin lðnskólanum á Akureyri 1963. Rafstöðin varð aldrei það kennslutæki sem ætlast hafði verið til og grotnaði niður. Loks ákvað bæjarstjórn Akureyrar að láta rífa stöðvarhúsið árið 1978.

Glerárstífla var hinsvegar látin standa og var endurbyggð á kostnað Rafveitu Akureyrar árið 1986.



Endurvirkjun Glerár 2004 og 2005

Í desember 2003 fól Norðurorka hf Verkfræðistofu Norðurlands ehf að vinna að og kanna kostnað og hagkvæmni þess að endurreisa Glerárvirkjun.

VN skilaði frumathugun í febrúar 2004. Helstu niðurstöður voru þær að tæknilega væri ekkert því til fyrirstöðu að endurreisa virkjunina og að orkuframleiðsla nýrrar virkjunar gæti staðið undir lágmarksvirkjunarkostnaði. Var þá gert ráð fyrir að nota stíflu óbreytta og að hægt yrði að nota grunn og sográs gamla stöðvarhússins.

Í framhaldi af forathuguninni ákvað Norðurorka (á stjórnarfundum 25. febrúar 2004) að endurbyggja Glerárvirkjun. Verkfræðistofu Norðurlands, teiknistofunni Formi og verkfræðistofunni Raf-tákni var falin hönnun virkjunarinnar. Vegna staðsetningar hennar var ákveðið að vanda sérstaklega til hönnunar húss og umhverfis. Tekið var mið af upphaflegu stöðvarhúsi við hönnun hússins.



Helstu kennitölur virkjunarinnar eru:

Virkjuð fallhæð	15 m
Virkjað rennsli	2,6 m ³ /s
Lágmarksrennsli	0,7 m ³ /s
Uppsett afl	290 kW
Áætluð orkuframleiðsla um	1,8 GWh/ári
Lengd þrýstípi	85 m
Þvermál þrýstípi	1,2 m
Vatnsmiðlun	er óveruleg



Grunnur gömlu virkjunarinnar

Breyta þurfti aðalskipulagi og gera deiliskipulag fyrir Glerárgil vegna framkvæmdanna og voru skipulagstillögur auglýstar í lok júlí. Breytt aðalskipulag var samþykkt í bæjarstjórn 21. september og deiliskipulag 16. nóvember.

Tekið var tilboði frá Wasserkraft Volk AG í Þýskalandi í vélbúnað og tilheyrandi rafbúnað (umboð, Ískraft hf). Hverfillinn er 250 snún./mín þverstreymishverfill (crossflow), tvískiptur, tengdur 1.000 snún./mín rafli með gír.

Stöðvarhúsið er steinsteypt á einni hæð. Það er byggt á grunni eldra húss, grunnflötur er 108 m³, nokkru minni en eldra hússins. Norðurveggur og hluti vesturveggjar eru steinsteyptir. Suður- og austurhliðar ásamt hluta vesturhliðar eru bornar uppi af steinsteyptum súlum og bitum. Glerveggur úr álpróflum og öryggisgleri er innan við súlurnar. Þak er borið uppi af timburkraftsperrum, klætt að utan með borðaklæðningu, þakpappa og bärustáli, en með gífsplötum að innan. Gólf er flísalagt.

Bygging stöðvarhússins var boðin út í lok september og var samið við Tréverk ehf á Dalvík um verkið.

Þrýstípi virkjunarinnar er úr stáli, 85 m löng, 1,2 m í þvermál. Við stífluna er greinistykki með útrás er kemur í stað botnrásar stíflunnar.

Smíði þrýstípiunnar var boðin út í október og var samið um verkið við Véla- og stálsmiðjuna ehf á Akureyri.



Það er skoðun okkar að rekstur Norðurorku hf hafi gengið mjög vel á árinu. Tekjur á árinu 2004 voru samtals 1.479 milljónir króna sem er aukning um tæp 8% frá fyrra ári. Rekstrargjöld voru 1.351 milljónir króna og hagnaður fyrir fjármagnsliði því 128 milljónir króna. Gengishagnaður var verulegur og endurspeglast það í að hagnaður ársins að fjármagnsliðum meðtöldum var rúm- ar 310 milljónir króna. Á árinu var ráðist í allmiklar framkvæmdir og var lagning hitaveitu í Svalbarðsstrandarhrepp og norðanverða Eyjafjarðarsveit stærsta einstaka framkvæmdin. Alls var fjárfest fyrir um 403 milljónir króna. Þrátt fyrir þessar miklu fjárfestingar lækkuðu langtímaskuldir nokkuð á árinu að raungildi og eru nú 1.682 milljónir króna. Lífeyrisskuldbindingar hækkuðu milli ára um 70 milljónir og nema nú 654 milljónum króna. Skuldir og skuldbindingar nema samtals 2.873 milljónum króna í árslok. Eiginfjárstaða Norðurorku er nú 32,3% og stendur fyrirtækið því vel að vígi.

Á árinu fjölgaði viðskiptavinum verulega. Hrísey sameinaðist Akureyri þann 1. ágúst 2004 og tók þá Norðurorka við viðskiptavinum Hita- og vatnsveitu Hríseyjar. Vegna þess fyrirkomulags sem ríkir um dreifingu raforku getur Norðurorka hf ekki séð um dreifingu raforku til þessara nýju íbúa Akureyrar, þó fullur áhugi sé á að sjá um slíka þjónustu. Einnig bættust margir nýir viðskiptavinir við hjá hitaveitu á Svalbarðsströnd og í Eyjafjarðarsveit og að sjálfsgöðu bættust einnig margir við á Akureyri. Það er mjög ánægulegt að taka við svo mörgum nýjum viðskiptavinum og eru þeir boðnir velkomnir í hópinn.

Lokið var við að móta fyrirtækinu stefnu, en vinna við það hófst seint á árinu 2003. Á árinu hefur verið unnið að þeim markmiðum sem þar voru sett. Meðal annars var gerð viðhorfskönnun meðal viðskiptavina, viðræður hafa verið við veitur á Norður- og Austurlandi um samstarf eða sameiningar, unnið hefur verið að hagræðingarverkefnum og verkefnum sem tryggja enn frekar innra starf fyrirtækisins og á haustdögum var gerð viðhorfskönnun meðal starfsmanna á starfs- umhverfi og starfsánægju.

Á árinu 2004 voru liðin 100 ár frá því að rafvæðing hófst hérlendis. Það fór vel á þeim tímamót- um að taka ákvörðun um að endurreisa Glerárvirkjun. Framkvæmdir við virkjunina hófust í sept- ember og þann 30. des. sl. lagði iðnaðarráðherra hornstein að virkjuninni. Í ársbyrjun 2004 var gengið frá kaupum á 40% hlut í Fallorku ehf, sem á Djúpadalsvirkjun. Gert er ráð fyrir að þessar virkjanir, fyrst og fremst þó Djúpadalsvirkjun, standi undir allt að fjórðungi núverandi raforku- þarfar á dreifisvæði Norðurorku hf. Það sem á vantar kaupir Norðurorka hf af Landsvirkjun. Aðrir aðilar sem framleiða raforku höfðu ekki áhuga á raforkusölu til Norðurorku hf að sinni. Með nýjum raforkulögum breyttist hlutverk rafveitu Norðurorku hf nokkuð. Dreifing raforku er einkaleyfisbundin og er nú komin undir verðlagseftirlit opinberra aðila. Raforkusala og raforku- framleiðsla eru hins vegar samkeppnisþættir, þannig að á þeim þáttum á að myndast markaðs- verð. Það er ljóst að nokkur tími mun líða þar til áhrif nýrra raforkulaga koma í ljós, enda taka þau fyrst gildi að fullu þann 1. janúar 2006.

Afskipti ríkisvaldsins af veiturstri fara vaxandi með setningu laga og reglugerða um hvaðeina sem rekstrinum viðkemur. Ástæða er til að benda á að aðgát skuli höfð í þessum efnum svo rekstri verði ekki íþyngt eða tekjur skertar með þeim afleiðingum að ekkert, eða takmarkað, svig- rúm sé til framþróunar eða uppbyggingar dreifikerfa til að tryggja og viðhalda því afhendingar- öryggi sem verið hefur undanfarin ár. Þó svo að veitustarfssemin sé í eðli sínu grunnþjónusta við borgarana og því nauðsynlegt að setja henni vissar skorður, má ekki þrengja svo að fyrirtækj- unum að stjórn eigenda, sem í flestum tilfellum eru sveitarfélög, sé frá þeim tekin.

Það sem ef til vill er ánægjulegast í rekstri Norðurorku hf er að verð á heitu vatni hefur lækkað verulega á undanförmum árum. Nú virðist sem tekist hafi að tryggja heitavatnsöflun fyrir sölu- svæði Norðurorku hf til mun lengri tíma en áður hefur þekkt hjá fyrirtækinu. Þetta og sú stað- reynd að þær áætlanir sem gerðar voru árið 1997 um niðurgreiðslu langtímalána hafa gengið eftir, skapar grundvöll fyrir frekari lækkun á heitu vatni. Ávallt verður þó að hafa þann fyrirvara á að ytri aðstæður hamli ekki þeim fyrirætlunum.

Við þökkum viðskiptavinum og öllum samstarfsaðilum góð samskipti á árinu. Að lokun viljum við þakka starfsfólki Norðurorku hf farsæl og árangursrík störf á liðnu ári, enda væri Norðurorka hf lítils virði án þess vel þjálfaða og trausta starfsfólks sem fyrirtækið hefur á að skipa. Sérstaklega eru þeim tveimur heiðursmönnum sem hættu störfum hjá fyrirtækinu á árinu, þeim Guðjóni Guð- bjartssyni og Guðmundi Sigurpálssyni, þökkun góð störf og trygglyndi.

Bjarni Jónasson
stjórnarformaður

Franz Árnason
forstjóri



Bjarni Jónasson stjórnarformaður




Franz Árnason forstjóri

Stjórn Norðurorku Stjórn Norðurorku árið 2004 var þannig skipuð:

Bjarni Jónsson, formaður
 Hákon Hákonarson, varaformaður
 Kristín Sigfúsdóttir, ritari
 Sigurður Hermannsson
 Helgi Snæbjarnarson

Varastjórn skipa, Baldvin Valdimarsson, Einar S. Bjarnason, Gunnar G. Gíslason, Hallur Gunnarsson og Oddur Helgi Halldórsson

Skipurit Norðurorku



Aðalfundur

Aðalfundur Norðurorku hf. árið 2004 var haldinn 21. apríl. Í stjórn voru kjörin: Bjarni Jónasson, Hákon Hákonarson, Helgi Snæbjarnarson, Kristín Sigfúsdóttir og Sigurður Hermannsson. Varastjórn skipa eftirtaldir: Baldvin Valdemarsson, Einar S. Bjarnason, Gunnar S. Gíslason, Hallur Gunnarsson og Oddur Helgi Halldórsson. Stjórnin kom saman til síns fyrsta fundar strax að aðalfundi loknum og skipti með sér verkum þannig: Formaður Bjarni Jónasson, varaformaður Hákon Hákonarson, ritari Kristín Sigfúsdóttir og meðstjórnendur Helgi Snæbjarnarson og Sigurður Hermannsson. Stjórn fyrirtækisins hefur fundað 16 sinnum frá síðasta aðalfundi.



Stjórnsýsla og fjármál

Stjórn Norðurorku hf telur reksturinn hafa gengið mjög vel á árinu og að fjárhagslegar niðurstöður sýni styrkleika félagsins.

Gjaldskrárbreytingar voru óverulegar á árinu. Þó var verði á raforku breytt til samræmis við verðlagsþróun og sömuleiðis fastgjöldum fyrir vatn, þótt ekki væri þar að fullu tekið tillit til verðlagsbreytinganna. Fjárhagsáætlun ársins 2005 var samþykkt af stjórn þann 26. nóvember sl. Í áætluninni er gert ráð fyrir nýrri gjaldskrá Rafveitu fyrir dreifingu og annarri fyrir raforkusölu, í samræmi við ný lög um skipan raforkumála. Þá var samþykkt að hækka fast gjald Hitaveitu og Vatnsveitu í samræmi við verðlagsbreytingar. Áætlunin gerir ráð fyrir tekjum að upphæð 1.462 mkr. um 147 mkr. rekstrarafgangi og handbæru fé frá rekstri að upphæð 657 mkr.

Síðustu vikur ársins fór mikil vinna í innleiðingu á nýju upplýsinga- og bókhaldskerfi, sem keypt var af AX hugbúnaðarhúsi, eftir að verðkönnun hafði verið gerð meðal „hugbúnaðarhúsa“. Mest hefur mætt á Sigurði J. Sigurðssyni deildarstjóra fjármáladeildar í þessu efni. Allir starfsmenn fyrirtækisins hafa þó orðið að leggja hart að sé til að læra ný vinnubrögð vegna þessa nýja upplýsingakerfis. Kerfið var tekið í notkun 1. janúar 2005.

Endurskoðun fyrir Norðurorku hf var boðin út á árinu. Þrjú tilboð bárust. Hagstæðasta tilboðið barst frá KPMG endurskoðun Akureyri og var samið við fyrirtækið til þriggja ára á grundvelli tilboðsins.

Vinna við gæðakerfi fyrirtækisins hét áfram á árinu og er kerfið mjög að nálgast það að vera vottunarhæft. Engin ákvörðun hefur þó verið tekin um vottun enn sem komið er. Eins og frá var greint á síðasta aðalfundi var unnið að stefnumótun fyrirtækisins á fyrrihluta ársins 2004. Þessari vinnu er lokið og stefna fyrirtækisins fullmótuð.


Í desember var sami aðili fenginn til að gera „vinnustaðargreiningu“ meðal starfsfólks Norðurorku hf. Spurningar voru 22. Við spurningunni „Á heildina er ég ánægð(ur) í starfi hjá Norðurorku“ voru 93% mjög eða frekar ánægð sem er mjög gott miðað við viðmiðun við iðnað og veitustarfsemi. Svör við öðrum spurningum voru nokkuð misjöfn. Á árinu 2005 verður unnið að úrbótum þar sem þess virðist mest þörf samkvæmt svörum.

Á haustdögum var skrifað undir viljayfirlýsingu þar sem Fjarðabyggð og Norðurorka hf. lýsa vilja sínum til að kanna hagkvæmni þess að veitur Fjarðabyggðar og Norðurorka eigi með sér náð samstarf eða sameinist. Í Fjarðabyggð er verið að leggja hitaveitu á Eskifirði og leita að heitu vatni á Reyðarfirði. Niðurstöðu verðmats á fyrirtækjunum er nú beðið.

Stjórn Norðurorku eða fulltrúar hennar hafa rætt, formlega og óformlega, við stjórnir nokkurra veitna um samstarf eða samruna. Niðurstöður úr þessum viðræðum eru í stórum dráttum þær að nær allir vilja halda að sér höndum að sinni.

Viðhorfskönnun

Í september fékk Norðurorka hf IMG Gallup til að gera viðhorfskönnun meðal bæjarbúa, „Ímynd og ánægja með þjónustu Norðurorku hf.“ Niðurstöður könnunarinnar eru mjög vel viðunandi. Í samanburði við aðra út frá spurningunni: „Hversu jákvæð(ur) eða neikvæð(ur) ert þú í gagnvart Norðurorku?“ kemur Norðurorka þannig út:



Samanburður við aðrar ímyndarmælingar. Allar ímyndarmælingar sem IMG Gallup hefur gert sl. 12 mánuði. Þessar ímyndarmælingar voru gerðar fyrir margs konar fyrirtæki og félagasamtök.

Alltaf má þó gera betur og verður unnið að því á árinu 2005.



Borist hafa óskir frá Eyjafjarðarsveit um stækkun hitaveitu í sveitarfélaginu og eru þær til athugunar hjá Norðurorku. Áfram hefur verið unnið að athugun á lagningu hitaveitu í Grýtubakkahreppi. Meðal annars var kannaður sá möguleiki að leggja lögn neðansjávar frá jarðhitasvæðinu við Hjalteyri. Við þá athugun fundust merkar hverastrýtur, sem nokkuð hefur verið fjallað um í fréttum, út af Arnarnesnöfum. Svo virðist sem þessi leið sé ófær vegna kostnaðar. Verið er að kanna hagkvæmni þess að leggja hitaveitu í Fnjóskadal og jafnvel þaðan alla leið til Grenivíkur.

Stjórnin samþykkti á fundi sínum 17. desember sl. að veita nokkra styrki á árinu 2005, samtals að upphæð kr. 5.000.000,-. Meðal styrkþega er Háskólinn á Akureyri, Leikfélag Akureyrar, Listasafnið á Akureyri, Iðnaðarsafnið og fleiri.

Norðurorka eignaðist á árinu 40% hlut í Fallorku ehf sem virkjað hefur Djúpadalsá. Djúpadalsvirkjun var gangsett í marslok á 2004 og er með uppsett afl tæp tvö megawött. Norðuroka kaupir alla framleiðslu virkjunarinnar. Á næsta ári mun Fallorka gera uppistöðulón við Stóradal og reisa aðra virkjun, nokkru ofar í ánni en þá fyrri. Samanlögð aflgeta virkjananna tveggja er áætluð tæp 4 megawött.

Stærri áform Norðurorku varðandi virkjanir til raforkuframleiðslu eru tengdar tveimur fyrirtækjum sem Norðurorka á aðild að. Annars vegar Þeistareykir ehf sem hafa undanfarin ár rannsakað háhitasvæðið á Þeistareykjum. Hins vegar stofnaði Norðurorka hf ásamt öðrum á haustdögum hlutafélagið Hrafnabjargavirkjun hf, til að rannsaka og standa fyrir virkjun í Skjálfandaflijóti, nánar til tekið við Hrafnabjörg.

Raforkulög

Ný raforkulög tóku gildi 1. janúar 2005. Með þeim er verið að gera ýmsar grundvallarbreytingar á skipan raforkumála hérlendis. Allt of langt mál er að fara nákvæmlega yfir lögin. Það er þó rétt að minnst á þá grundvallarbreytingu að framleiðsla og sala raforku verður framvegis á frjálsum markaði. Þessi markaður er þó ekki til enn sem komið er og óljóst hvenær hann verður virkur. Norðurorka hefur stofnað sölu-eild sem annast kaup og sölu á rafmagni. Fimmtán aðilar hér í bæ eiga kost á að velja sér raforkusala og Norðurorka fær aðgengi að um 270 viðskiptavinum utan bæjarmarkanna.

Dreifing raforku verður áfram á hendi dreifiveitna en verðlagning á dreifingu, þ.e.a.s. gjaldskrá dreifingar, þarfnast staðfestingar Orkustofnunar. Gerðar munu verða kröfur til hagræðingar. Ástæða er til að benda á aðgát í þeim efnum svo þær kröfur verði ekki til þess að rýra dreifikerfin og minnka með því afhendingaröryggi. Sérstakt fyrirtæki, Landsnet hf, mun annast raforkuflutning um landið framvegis. Vegna þess að flestar háspennulínur Rarik og Orkubús Vestfjarða verða innan Landsnetsins, hækka flutningskostnaður raforku til Norðurorku hf og veldur það óhjákvæmilega verðhækkun á raforku á dreifisvæði Norðurorku hf.

Norðurorka hefur átt í deilum vegna rafstrengja sem liggja frá Akureyri að dreifikerfum Norðurorku á Laugalandi í Eyjafjarðarsveit og Hjalteyri. Rafstrengur sá sem „kemur við“ á Laugalandi er þannig til kominn að samkvæmt fyrirmælum í virkjunarleyfi er Iðnaðarráðuneytið gaf út vegna Djúpadalsvirkjunar á Fallorku ehf að flytja raforku frá virkjuninni og afhenda Norðurorku við Botn. Þaðan skal Norðurorka annast flutning hennar. Ákveðið var að leggja rafstreng frá Akureyri að Djúpadalsvirkjun og tengja dreifikerfi Norðurorku hf á Laugalandi/Tjörnum við strenginn. Þetta var gert til að afla raforku fyrir dreifikerfið og til að tengja vararafstöð sem er á Laugalandi við dreifikerfið á Akureyri. Rafmagnsveitur ríkisins, sem áður höfðu flutt raforku að dreifikerfinu á Laugalandi, höfðu ávallt neitað að tengja vararafstöðina við kerfi sitt.

Samhliða lagningu aðveituæðar frá jarðhitasvæðinu við Hjalteyri var ákveðið að leggja rafstreng frá Akureyri að dreifikerfi svæðisins. Þetta var gert í trausti þess að sama gilti um Norðurorku hf. og tvö önnur orkufyrirtæki sem tengt hafa dælustöðvar sem eru á dreifisvæði Rarik við önnur dreifikerfi sín eða virkjanir.

Rafmagnsveitur ríkisins töldu þetta brot á einkarétti sínum til raforkudreifingar samkvæmt raforkulögum. Úrskurðarnefnd raforkumála fékk málið til meðferðar og úrskurðaði að viðkoma rafstrengsins frá Djúpadalsvirkjun í Laugalandi sem og flutningur raforku eftir strengnum til Hjalteyrar væri raforkudreifing og ættu Rafmagnsveitur ríkisins einkarétt til hennar. Úrskurðarnefndin úrskurðaði ekki um strenginn frá Djúpadalsvirkjun til Akureyrar sem Rarik taldi einnig ólöglegan.

Nefndin telur hinsvegar að heimilt sé að fara um dreifisvæði annarrar dreifiveitu með háspennulagnir, svo fremi sem ekki fari fram úttekt raforku af strengnum innan dreifisvæðis viðkomandi dreifiveitu.



RAFMAGN Á ÍSLANDI 1904-2004

Frumkvöðullinn

Haldið var upp á 100 ára afmæli rafvæðingar landsins á sl. ári. Þessara merku tímamóta hefur verið minnst með ýmsu móti. Meðal annars var frumkvöðlanna minnst og er við hæfi að geta eins þeirra í skýrslu þessari, Eyfirðingsins Frímans B. Arngrímssonar. Frímenn hafði margar og merkar hugmyndir um raforkuframleiðslu fyrir Akureyri og reyndar fyrir marga staði aðra, svo sem Reykjavík. Frímenn þessi var fæddur að Sörlatungu í Hörgárdal. Hann fór víða og var allvel menntaður og dvaldi áratugum saman erlendis. Meðal margra staða sem Frímenn kannaði var Glerá og Glerárfoss. Honum þótti þó að hér væri um helst til smáa virkjunarkosti að ræða, að minnsta kosti virkjun við Glerárfoss. Frímenn gaf þegar árið 1915 út bækling sem nefndist Raflysing og rafhittun Akureyrarkaupstaðar og annarra kaupfélga og bæja hér í grennd. Flest var Frímenni þó mótdrægt hérlendis og illu heilli komst fátt eitt af hugmyndum hans til framkvæmda.

Rafveitan

Á þessu ári hefur dreifikerfi rafveitu stækkað sem svarar lengingu gatnakerfis bæjarins og er það umtalsverður vöxtur. Áfram er haldið skoðun á eldri kerfum til að uppfylla kröfur. Þetta er umtalsverður kostnaðarliður og þörfin fyrir þessar skoðanir umdeilanleg. Samtals seldi Norðurorka um 102 Gwst. af forgangsrafmagni á sl. ári, sem svarar til 6.300 Kwst á íbúa á veitusvæðinu. Um 40 Mwst af ótryggðri orku voru seldar á árinu. Heildarraforkusalan jafngildir því um 9.000 Kwst á íbúa.

Breytt fyrirkomulag í raforkumálum hefur kallað á verulegar breytingar á daglegri starfsemi Norðurorku. Innleiðing þess hefur einkum hvílt á herðum Agnars Árnasonar, deildarstjóra Markaðs- og Þjónustusviðs, en Agnar veitir jafnframt forstöðu söludeild Norðurorku.



Vatnsveitan

Vatnsveita Akureyrar varð 90 ára á árinu. Í tilefni af því ritaði fyrrverandi vatnsveitustjóri, Sigurður Svanbergsson, grein í Víkudag sem kom út þann 22. desember 2004 þar sem gerð er ágæt grein fyrir tilurð vatnsveitunnar og fleiru veitunni viðkomandi.

Á þessu ári hefur dreifikerfi vatnsveitu lengst umtalsvert eða sem svarar lengingu gatnakerfis bæjarins. Auk þessa var lögð 1.700 metra löng 315 mm aðveituaeð frá lokahúsi við bæinn Glerá og að Rangárvallageymum. Þetta var stærsta einstaka framkvæmdin í vatnsveitukerfinu. Samtals var vatnsöflun vatnsveitu um 4.600.000 tonn, sem svarar til um 270.000 lítra á hvert mannsbarn á veitusvæðinu. Þann 1. ágúst sl. tók Norðurorka hf við rekstri vatnsveitu Hríseyjar.



Hitaveitan

Hitaveitan hefur stækkað mun meira en rafveita og vatnsveita. Fyrir utan lengingu dreifikerfis á Akureyri, sem er samsvarandi og hjá hinum veitunum, var lokið lagningu hitaveitu í Svalbarðsstrandarhrepp og tengingum í Arnarneshreppi lauk að mestu snemma árs, en þar bættust við 40 nýir viðskiptavinir.

Byrjað var að leggja Svalbarðsstrandarveitu haustið 2003 og var unnið við stofnlögn veitunnar mestallan veturinn. Hleypt var á stofnlögn að Svalbarðseyri 23.- 24 júní 2004. Stofnlögn norður í Garðsvík var lokið 15. júlí og eftir það var unnið við heimaugar. Vinnu við þær lauk í september og verkinu var formlega lokið 10. nóvember 2004.

Dælustöð fyrir Svalbarðsstrandarveitu er í lokahúsi við Brunná og þaðan er dælt alla leið út í Garðsvík alls um 18,5 km vegalengd.

Um sl. áramót var lokið við að tengja 67 hús auk þeirra húsa á Svalbarðseyri sem áður voru tengd við hitaveitu Svalbarðseyrar. Samtals bættust við 130 viðskiptavinir vegna Svalbarðsstrandarveitu auk 10 viðskiptavina nyrst í Eyjafjarðarsveit. Búast er við að magrir sumarhúsaeigendur á svæðinu bætist í viðskiptavinahópinn og að sumarhúsum fjölgi verulega í Vaðlaheiðinni á næstu árum. Kostnaðaráætlun fyrir Svalbarðsstrandarveitu var 144 mkr. og stenst hún vel, að teknu tilliti til þeirrar lengingar er varð á lögninni yfir óshólma Eyjafjarðarár. Sú lenging kom til vegna andstöðu Óshólmanefndar og Náttúruverndarnefndar og kallaði á viðbótarfjárlát að upphæð 6 mkr.


Þann 1. ágúst tók Norðurorka við rekstri Hita- og vatnsveitu Hríseyjar. Verið er að ganga frá endanlegu samkomulagi við Akureyrarbæ um kaup Norðurorku hf á veitunum. Bæjarsjóður eignaðist veitunnar við sameiningu sveitarfélaganna. Vegna þessa bættust við 137 viðskiptavinir. Alls hefur viðskiptavinum hitaveitunnar fjölgað um 390 á árinu.

Dreifi- og aðveitukerfi hitaveitunnar er orðið mjög langt og nær yfir stórt landssvæði.

Til að fullnægja orkuþörf hitaveitunnar þarf mikla varmaorku. Það ber að hafa í huga að þótt Norðurorka framleiði ekki raforku svo heitið geti er varmaorkuframleiðslan veruleg og nemur um 315 Gwst á þessu ári, sem eru um 17.000 kwst. á hvert mannsbarn á veitusvæðinu.

Í lok árs var ákveðið að semja við Jarðboranir hf um tvö borverkefni. Fyrir lá að nauðsynlegt yrði fyrir Norðurorku hf að bora aðra vinnsluholu á jarðhitasvæðinu við Hjalteyri eigi síðar en á árinu 2007 til að auka aflgetu og öryggi. Borhola LPNS 10 á Þelamörk, sem boruð var árið 1998, var biluð þannig að hún gaf nær ekkert vatn lengur. Líklegast þótti að hrun í holunni stíflaði hana. Viðgerð á Þelamerkurholunni lauk um miðjan desember og virðist hún hafa tekist vel. Borun á Hjalteyri lauk í lok janúar 2005. Samkvæmt þeim mælingum á holunni sem gerðar voru í lok borunar, virðist holan mjög góð. Holan verður virkjuð síðsumars 2005. Það er von forsvarsmanna Norðurorku hf að með þessari borun sé tryggt nægt framboð á heitu vatni til langrar framtíðar. Jafnframt er gert ráð fyrir að aflgeta sé næg í mörg ár. Rannsóknir á vegum Norðurorku hf. voru með minna móti á árinu og voru fyrst og fremst vegna Hitaveitu. Áfram var unnið að gerð jarðfræðikorta. Vinnslueftirlit var með hefðbundnum hætti. Rannsóknir varðandi vatnsleit beindust fyrst og fremst að þeim borverkum sem getið er hér að framan. Unnið er að gerð rannsóknaráætlunar næstu ára.





Þó að verð á heitu vatni þyki fremur hátt á veitusvæði Norðurorku hf. hefur það lækkað verulega á undanförunum árum. Verð á rúmmetra af vatni hefur lækkað úr kr. 119,50 í október 1993 í kr. 95,00 nú. Á sama tíma hefur byggingavísitala hækkad um 60%. Verð á rúmmetra af vatni væri því kr. 192,- ef vísitölu hefði verið fylgt.

Í ljósi þess árangurs sem náðst hefur í heitavatnsöflun og þess að þær áætlanir sem gerðar voru árið 1997 um niðurgreiðslu lána, hefur gengið eftir er Norðurorka hf. að verða í stakk búin til að lækka verð á heitu vatni enn frekar.

Starfsfólk

Ekki hafa verð ráðnir fastir starfsmenn til fyrirtækisins á árinu en tveir starfsmenn létu af störfum á árinu vegna aldurs. Þann 1. desember hætti Guðjón Guðbjartsson pípuþingamaður störfum hjá Norðurorku hf eftir 36 ára farsælt starf, fyrst hjá Vatnsveitu og síðan arftökum hennar. Þann 31. desember hætti Guðmundur Sigurpálsson störfum hjá Norðurorku hf. Guðmundur hóf störf hjá Hitaveitu Akureyrar fljótt eftir stofnun hennar og starfaði ávallt síðan hjá fyrirtækinu og arftökum þess. Báðum þessum ágætu starfsmönnum eru þökkun heilladrjúg störf fyrir veitur Akureyringa og þeim og fjölskyldum þeirra óskað velfarnaðar.

Öllu starfsfólki Norðurorku hf. eru þökkun góð störf á árinu og þá ekki síst þolinmæði við innleiðingu nýja upplýsingakerfisins.


Gæðastjórnunakerfið

Haldnir voru 6 fundir í gæðaráði árið 2004. Uppbygging kerfisins telst nú langt komin og virkni skilar því sem til var ætlast. Samþykkt eru nú 18. stefnuskjöl, sem öllum eru aðgengileg á heimasíðu Norðurorku (www.no.is) og 72 verklagsreglur. Það að auki 25 viðaukar sem flestir tilheyra GAMES kerfi vatnsveitu. Rafskoðun ehf sá um ytri úttektir sem framkvæmdar voru í febrúar og voru þá teknar út 3 verklagsreglur úr öryggisstjórnunarkerfi rafveituhluta. Allar reglur öryggisstjórnunarkerfis hafa nú farið í gegnum nálarauga Rafskoðunar og eru í fullu samræmi við staðla og reglur. Innri úttektum ársins 2004 lauk í janúar. 14 reglur voru teknar til úttektar og voru frávik í lágmarki. Stjórnun innri úttekta var sem fyrr í höndum Haraldar Hjaltasonar frá H2H Ráðgjöf ehf.

Starfsmannamál


Haldnir voru 6 starfsmannafundir þar sem kynnt voru gæðamál, málefni Norðurorku og það sem efst var á baugi innan fyrirtækisins hverju sinni. Starfsþróunarsamtöl fóru fram í mars og á haustdögum fór fram Vinnustaðagreining á vegum IMG Gallup meðal starfsmanna. Þátttaka hefði mátt vera meiri en útkoma var viðunandi á flestum sviðum. Þetta kallar þó á talsverðar umbætur í starfsmannamálun og unnið er að úrbótum. Hæstu einkunn fékk starfsánægja en þar vorum við með fullt hús.






Hitaveita
Heitavatsnöflun 2004
5.775.379 m³

Sala á heitu vatni óx á árinu og er það vegna stækkunar hitaveitunnar. Tengingar hafa gengið ágætlega í Arnarneshreppi en stór hluti Svalbarðsstrandarhrepps kom inn síðast á árinu.




Hitaveita
Vatnsvinnsla 2004




Hitaveita
Þróun vinnslu á heitu vatni

Orkunotkun, orkupörf og orkumáttur hitaveitu




Hitaveita Raforka til dælingar á heitu vatni frá virkjunarsvæðum kWh




Almennar upplýsingar	2001	2002	2003	2004
Fjöldi íbúa á hitaveitusvæði	16.889	17.072	17.292	18.059
Húsveitur	4.597	5.014	5.181	5.564
Rúmmál húsa tengd hitaveitu m ³	3.921.646	4.042.644	4.159.878	4.344.472
Hemlar	10	3	3	130
Orkumælar	2	19	19	19
Orkuöflun á jarðhitasvæðum		2002	2003	2004
Fjöldi virkjaðra borhola:				
Með djúpdælu	10	10	11	11
Án djúpdælu	1	2	1	2
Uppsett afl á jarðhitasvæðum MW	58	58	73	73
Vatnsmagn tekið úr jarðhitakerfum á árinu m ³	4.172.155	4.270.675	4.162.280	4.950.852
Meðalvatnshiti á holutoppi eða frá hver/laug °C	89	9	89	89
Aðveituæðar/orkuöflun	2001	2002	2003	2004
Lengd safn- og aðveituæða:				
Stál m	32.285	32.285	51.869	51.869
Plast m	11.800	11.800	11.800	11.800
Samtals m	44.085	44.085	63.669	63.669
Rafskautsketill:				
Uppsett afl MW	4,4	4,4	4,4	4,4
Raforkunotkun á árinu GWh	7,85	10,60	8,8	6
Oliuketill:				
Uppsett afl MW	12	12	12	12
Oliunotkun á árinu lítrar	1.200	432.000	19.000	0
Dreifikerfi og dælustöðvar	2001	2002	2003	2004
Uppsett afl í dreifikerfi (aflgeta) 1) MW	72	72	86,5	86,5
Hámarksálag inn á dreifikerfi á árinu 1) MW	53,9	54,6	53,4	61,3
Vatnsmagn inn á dreifikerfi á árinu m ³	4.837.425	5.090.612	5.083.603	5.775.379
Meðalvatnshiti inn á dreifikerfi °C	76	79,8	79,1	79
Áætlaður meðalvatnshiti til notenda °C	72	72	72	72
Orkuframleiðsla inn á dreifikerfi á árinu 2) TJ	964	1.093,5	1.072,5	1.245,1
Hlutfall orkuvinnslu:				
Jarðhiti %	93,1	91,4	93,3	98,0
Rafmagn %	5,7	7,5	6,6	2,0
Olía %	1,2	1,1	0,1	0,0
Fjöldi dælustöðva (ekki djúpdælur)	5	5	6	6
Heildarafhl. dælna (dælustöðvar og djúpdælur) KW	2.388	2.388	2.691	2.761
Rafmagnsnotkun á dælur (dælust. og djúpdælur) MWh	7.141.722	6.889.400	7.425.446	6.217.172
Miðlunarrými m ³	7.500	7.500	7.500	7.500
Lengd dreifikerfis:				
Stál m		232.865	277.108	296.598
Plast m		9.557	32.177	53.177
Samtals m	218.220	242.422	309.285	349.775
Lengd endurnýjaðra lagna á árinu m	200	250	300	300
Hlutfall dreifikerfis (skurðlengd):				
Einfalt %	65	60	60	83
Tvöfalt %	35	40	40	17
Sala	2001	2002	2003	2004
Sala um mæla heild m ³	4.586.218	5.045.955	5.127.157	5.263.846
